

45. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 6.september 2007 kl. 16:00.

Dagskrá: 1. Starfsmannamál, 2. Starfið framundan, 3. Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson formaður, Hjörtur Pálsson og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn.

1. Starfsmannamál.

Gunnar Marel Hinriksson verður í 25% starfi við Héraðsskjalasafnið frá 1. september til ársloka.

2. Starfið framundan.

- a) Unnið er að árbók Héraðsskjalasafnsins 2006 og henni ætti að ljúka fyrir áramót.
- b) Héraðsskjalavörður hefur verið kallaður til samstarfs við tölvudeild Kópavogsbæjar. Tölvudeild hefur miklar áhyggjur af því hvað skuli geyma, m.a. af myndum, en slíkt tekur mikið rými á rafrænum miðlum.
- c) Ljúka þarf að skrá ýmis skjalasöfn (dæmi: Rotaryklúbbur Kópavogs) sem vel fer á að koma frá fyrir áramót. Margt af þessu eru einkaskjalasöfn af ýmsu tagi. Í tilefni af þessu tekur Hjörtur til máls og kveðst alltaf hafa litið svo á að Héraðsskjalasafnið ætti að vera tilbúið að taka við sem flestum gögnum, m.a. úr einkaeign Kópavogsbúa, og bjarga þannig mörgu frá glötun. Var það samdóma álit stjórnar HK að ekki sé hægt að auglýsa eftir skjalagögnum frá Kópavogsbúum að óbreyttum húsakynnum safnsins.

3. Önnur mál.

- a) Skjalaöskjurnar frá Þýskalandi eru komnar í hús og eiga að geyma skjöl í a.m.k. 100 hillumetrum.
- b) Myndvinnslutölva er komin á sinn stað í safninu.
- c) Afhendingarskrá (aðfangabók) er tilbúin handa safninu en skv. reglugerð skal hún vera til í héraðsskjalasöfnum. Í henni er sérstaklega vandaður pappír.
- d) Öryggisskápur handa safninu er á leiðinni til landsins en hann verður geymdur hjá Náttúrufræðistofnun Kópavogs um sinn.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 17.30

Fundarritari Bjarni Ólafsson